# Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar mánudaginn 20. Janúar 2014 og hófst kl 12:00.

**Mættir eru:** Siggeir Stefánsson, Kristinn Lárusson, Hildur Stefánsdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort athugasemd væri gerð við fundarboð. Svo var ekki.

1. Merkingar á skólabifreiðum í Langanesbyggð
   Skólabílstjórar hafa óskað eftir því að fræðslunefnd mæli með því að þeir fái undanþágu frá því að þurfa að hafa skólabílana sérmerkta sem slíka.

   Fræðslunefnd Langanesbyggðar ræddi merkingar á skólabifreiðum.
   Fræðslunefndin mælir með því að skólabílstjórar í Langanesbyggð fái undanþágu frá því að vera sérmerktir sem skólabílar á þeim forsendum að öll börnin eru tekin upp/skilað af sér heima á bæjunum en ekki út við þjóðveg.

   Verði breytingar þar á þarf hins vegar að taka málið upp aftur og endurskoða ákvörðun fræðslunefndarinnar.

   Fleira ekki gert
   Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.